

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Sveinbjörn Guðmundsson á í þessu máli að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda, stjórnarnefndar kvennaskólans í Ytríey. — Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Mánudaginn 22. júlímánaðar.

Nr. 20/1901:

Réttvísín

gegn

Jóhannesi Jóhannessyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 27. febr. þ. á., var hinn ákærði Jóhannes skipstjóri Jóhannesson frá Sauðárkróki dæmdur fyrir skjalafals, svik og tilraun til svika til að sæta 18 mánaða betrunarhússvinnu, og til að greiða í iðgjöld til sparisjóðs Norðuramtsins 70 kr. 68 aur. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal 8 kr. í málsvarnarlaun til verjanda síns í héraði cand. Valdimars Thorarensen. Dómi þessum hefir eftir ósk hins dómfelda og af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Síðastliðið sumar eða haust váttrygði ákærði líf sitt fyrir 2000 kr. hjá umbodsmanni lífsábyrgðarfélagssins »Scandia« á Sauðárkróki, þar sem ákærði átti heima. Í vetrarbyrjun var ákærði, sem á fyrir konu og börnum að sjá, í miklum

kröggum með lífsframfæri fyrir sig og sína, og hugkvæmdist honum þá að látast drukna eða verða úti, til þess að konu sinni yrði útborguð lífsábyrgðin. Hugsaði hann sér, að þegar konan hefði fengið lífsábyrgðarupphæðina borgaða, skyldi hún fara til Vesturheims og hann slást í för með henni þangað, einhverstaðar á Austfjörðum, en þangað til ætlaði hann að leynast undir fölsku nafni, helst í Skaftafellssýslu. Til þess að koma þessu áformi sínu fram, fór ákærði um miðjan nóvemberm. síðastliðinn norður á Akureyri, en meðfram ætlaði hann þó að reyna þar að fá skip að færa næsta sumar, því að hann hafði haft atvinnu áður sem skipstjóri, og hefir hann skýrt svo frá, að hann myndi fyrir bænastað konu sinnar, sem hann lét skilja um fyrirætlun sína, hafa hætt við það áform sitt að ætla að látast deyja til að hafa út lífsábyrgðina, ef sér hefði tekist að fá skip að færa á Akureyri. Á Akureyri reyndi ákærði að fá skip, en fékk ekki, og réð hann þá af að framkvæma hitt áform sitt, að látast deyja og fá lífsábyrgðarféð útborgað handa konu sinni, en af því að hann þurfti peninga til þess að komast austur og biða þar konu sinnar, enda var farinn að skulda fyrir veruna á Akureyri, þá tók hann það til bragðs í vandræðum sínum, án þess hann hefði hugsað sér neitt slíkt áður, eftir því sem hann hefir haldið fram, að útvega sér peninga út á fölsuð skjöl. Bjó hann þá samstundis út handa sér umboð til að taka 600 kr. lán úr almennum sjóði fyrir hönd Þorsteins nokkurs Hannessonar á

Hjaltastöðum og ritaði undir það nafn Þorsteins og tveggja vitundarvotta og dagsetti skjalið 10. nóv. f. á. Svo bjó hann og út sjálfskuldarábyrgðarlof-orð tveggja manna, Pálma Símonarsonar á Svaðastöðum og Einars Jónssonar á Brimnesi, fyrir lánuinu, og ritaði undir nöfn þeirra og nöfn sömu vitunarvotta og dagsetti það skjal 9. nóv. f. á. Voru allir mennirnir, er ákærði ritaði undir skjölin, menn í Skagafirði, er hann þekti. Fór ákærði síðan með skjöl þessi á skrifstofu sparisjóðs Norduramtsins og fekk þar samdægurs lánaðar úr sjóðnum 600 kr. og undirskrifaði skuldabréf þar að lútandi með skírskotun til umbodsskjalsins. Þegar ákærði var búinn að fá peninga þessa, beið hann á Akureyri á annan dag, til þess að vekja engan grun með bráðri burtför sinni. Hann lét uppi við menn, að hann færi aftur til Skagafjarðar, og tók mörg bréf þangað til flutnings. Lagði hann síðan á stað vestur og kom að Geirhildargörðum í Yxnadal undir rökkur. Hitti hann bóndann þar og sagði honum hið rétta nafn sitt, og að hann ætlaði að leggja á heiðina um nóttina, en bóndi réð honum frá því, því að eljagangur var. Þóttist ákærði þó myndi halda áfram ferð sinni og skildi við bónda; en þegar hann var skilinn við hann, sneri hann aftur og fór sömu leið en þó eigi eftir alfaravegi, og hélt áfram kvöldið og alla nóttina fyrir ofan Akureyri og austur yfir Vaðlaheiði, og kom að Krossi í Ljósavatnsskardi næstu nótt eftir, og gisti þar. Á þessari austurleið

nefndi ákærði sig fyrir mönnum, sem hann hittir, Jóhann Rögnvaldsson, og kvaðst vera frá Víkum á Skaga og vera á leið til Vopnafjarðar að hitta systkini sín, sem hann reyndar engin átti þar. Á Krossi skrifaði hann kunningja sínum á Sauðárkrók, sem eftir framburði ákærða vissi um fyrirætlun hans alla, og lét hann vita, að nú væri hann búinn að koma því svo fyrir, að menn hlytu að ætla, að hann hefði annaðhvort druknað í Öxnadalsá eða orðið úti á heiðinni, og lagði ráðin á, hvornig fara skyldi að til að fá lífsábyrgðina útborgaða. Lagði hann innan í bréf þetta 120 kr., og átti kona hans að fá 100 kr. af því, en 20 kr. að ganga upp í skuld til kunningja hans. Frá Krossi hélt ákærði áfram ferð sinni; en í Sandfellshaga var för hans heft að bodi sýslumanns og hann síðan tekinn fastur, því að þá voru komin upp um hann peningasvikin og fölsunin á Akureyri. Af fé því, er ákærði sveik út með hinum fölsuðu skjölum, hafa komið til skila og verið fengnar sparisjóðnum 529,32 kr., og hefir sparisjóðurinn því gjört kröfu til endurgjalds á kr. 70,68.

Auk afbrota þeirra, er nú hefir verið lýst, hefir ákærði játað að hafa 22. október f. á. skrifað falsaða ávísun undir nafni Sveins hreppstjóra Árnasonar á Felli í Sléttuhlíð til Knudsens kaupmanns á Sauðárkrók, þess efnis, að Sveinn bað Knudsen að lána sér 2 $\frac{1}{2}$ pott af spritti. Ákærði fór sjálfur með ávísunina, fekk sprittið og drakk það sjálfur og gaf öðrum með sér. Ákærði virðist hafa verið töluvert drukkinn, er hann gjörði þetta, en

þó eigi svo, að hann hafi eigi verið fullkomlega með sjálfum sér og vitað hvað hann gjörði. Áður en ákærði fór frá Akureyri í ofanumgetið skifti tók hann, eins og fyrir er sagt, bréf af ýmsum til flutnings til Skagafjarðar, og var þar á meðal bréf með innlögðum 2 kr. frá unglingspilti nokkrum. Eftir skýrslu hins ákærða trosnaði bréf þetta í vasa hans, svo að peningarnar duttu úr því, og lét hann þá peningana saman við sína eigin peninga. Það er þó ekki sannað, að hann hafi ætlað að taka undir sig peninga þessa og ekki ætlað að skila þeim með bréfunum, sem hann tók til flutnings, en þau var hugsun hans að senda réttum viðtakendum þegar hann væri sjálfur kominn undan. Og þar sem hér auk þess væri um brot samkv. 256. gr. hegningarlaganna að ræða, þá þurfti samþykki þess, er fyrir hallanum varð, til þess að ákærða yrði refsað fyrir misgjörð þessa, en það samþykki hefir eigi verið fengið.

Þá hefir og ákærða verið gefið að sök, að hann hafi í umræddri ferð til Akureyrar reynt að fá lánaðar 7 kr. hjá manni gegn borgun í fiski á Saudárkróki, sem hann engan átti til, og hafi hann með þessu reynt að fá lán, sem hann eigi hafi ætlað sér að borga aftur. Það verður þó eigi af því sem upplýst er í þessu efni, álitid nægilega sannað, að ákærði hafi ekki ætlað sér að borga lán þetta, sem hann bað um, ef hann hefði fengið það, og verður því að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

Framangreind brot ákærða, sem fæddur er 15. sept. 1863 og eigi hefir áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot, ber að heimfæra undir 261. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 46. gr., og 270. gr. sbr. 63., gr. og virðist hegningin hæfilega ákveðin í aukaréttardóminum 18 mánaða betrunarhúsvinna. Yfirdómurinn felst og á ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað og ber því að staðfesta téðan dóm að því er niðurstöðu hans áhrærir. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benedikts-sonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 25/1901:

Réttvisin
gegn
Markúsi Einarssyni

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, gengn-